

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Suðurlandsbraut 2.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 5. mars 2014, breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 2 við Suðurlandsbraut. Í breytingunni felst hækkun á nýtingarhlutfalli, fækkun á bílastæðum og að gera grasmanir við lóðarmörk, innan og utan lóðar.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Grandavegur 47.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 5. mars 2014, breytingu á deiliskipulagi Grandavegar, Lýsis og SÍS vegna lóðarinnar nr. 47 við Grandaveg. Deiliskipulagsbreytingin uppfærir, til samræmis við núverandi stöðu og áður samþykktar breytingar í byggingarnefnd, fjölda íbúða og bílastæða Grandavegar 47 ásamt því að heimila breytingu á notkun rýmis 0104 úr þjónustu í íbúð.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Reitur 1.172.2.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 7. febrúar 2014, breytingu á deiliskipulagi reits 1.172.2, Laugavegur, Frakkastígur, Grettisgata, Klapparstígur, vegna lóðanna nr. 34A og 36 við Laugaveg og nr. 17 við Grettisgötu. Í breytingunni felst að nýbyggingar á reitnum verði í takt við byggðamynstur á svæðinu, rými myndist milli húsa og varðveita núverandi friðuð hús.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 7. mars 2014.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 21. mars 2014